

13. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 1863.
yfir Íslandi, um manntalsþingagjöld í Gullbringu 23. febrúarm.
sýslu og í Reykjavíkur kaupstað.

Með bréfi 17. marzm. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, er forseti alþingis, er haldið var 1861, Jón Guðmundsson, settur málaflutningsmaður við yfirrættinn, hafið samið að tilhlutun þingsins, og er í henni farið fram á, að manntalsþingagjöldin í Gullbringusýslu og í Reykjavíkur kaupstað, sem nú eru greidd eptir verði verðlagsskráarinnar á hörðum fiski, framvegis verði greidd eptir meðalverði allra meðalverða.

Eptir að búið er að skrifast á um þetta efni við fjárstjórnina, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörið það alþingi því, er haldið verður í næsta skipti, að dómsmálastjórnin hefir í hyggju að hlutast til um, að uppástunga, er að þessu lúti, verði sett í frumvarpið til fjárlaganna fyrir árið 1864—65.

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 28. febrúarm.
yfir Íslandi, um aukaútsvar fyrir skólahúsið, lands-
yfirrættarhúsið, og stiptamtmannshúsið í Reykjavík.

Í bréfi 5. nóvembermánaðar f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort heimild sé fyrir því í reglugjörð um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 27. nóvembermán. 1846 19. grein, að auk lóðarskatts sé jafnað aukaútsvari á skólahúsið, landsyfirrættarhúsið og stiptamtmannshúsið.

Í þessu efni skal yður kunngjört, að með því aukaútsvarið er greitt eptir efnunum og ástandi og er þannig skattur, sem aðeins hvílir á gjaldþegnunum sjálfum (*en reen personlig Skat*) verður stjórnarráðið að fallast á þá skoðun, er þér lýstuð yfir í bréfi

1863. yðar, að engin heimild sé fyrir því í lögum, að jafna greindum
28. febrúarm. aukaskatti á hús þau, er að ofan eru nefnd.

28. febrúarm. **15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að eyðijörðin Efriströnd eigi fáist til kaups.**

Með bréfi 29. októberm. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, borið undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar bænarskrá frá Ásmundi prófasti Johnsen í Odda, um að eyðijörðin Efriströnd í Rangárvalla sýslu verði seld Odda brauði til eignar, annaðhvort fyrir hæsta boð það, er gjört var við uppboð, er haldið var yfir jörðinni 24. maím. f. á., en það voru 81 rdl., eður fyrir það kaupverð, sem óvilhallir menn ákveði, og hafið þér meðal annars getið þess, að þareð þér hafið álitid, að ekki beri að leggja samþykki á hæsta boð það, er gjört var við uppboð þetta, þá hafið þér þegar áður en þér fenguð bænarskrá þá, sem áður er getið, skrifað sýslumanni um að bjóða upp jörðina til afnota fyrir árlegt afgjald um 5 ár, og að heimta sanngjarnt afgjald af þeim manni, er hefir haft afnot jarðarinnar síðan uppboð það fór fram, er haldið var 1856, og borga það fé í jarðabókar-sjóðinn með öðrum sýslugjöldum.

Í þessu efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það beiðandanum, að með því stjórnarráðið sökum ásigkomulags jarðar þeirrar, sem hér er um rætt, fellst á ráðstöfun þá, er þér hafið gjört, þá verður það, sem um er sótt, eigi veitt.